



Hundatrygging

Skilmáli nr. ED14

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ED14
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Hundatrygging er fjárhagsleg vernd fyrir hundaeigendur og kemur í veg fyrir að þú lendir í ófyrirséðum kostnaði samhliða því að hafa áhyggjur af velferð hundsins.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Efnisyfirlit

- I. Almennir skilmálar
- II. Sjúkrakostnaðartrygging
- III. Líftrygging
- IV. Afnotamissistrygging (eingöngu hægt að kaupa sem viðbót við líftryggingu)
- V. Umönnunartrygging
- VI. Ábygðartrygging

Tryggingin skiptist í sex kafla. Auk almenna skilmálans kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun hvaða tryggingar eru í gildi fyrir þinn hund.

I. Almennir skilmálar

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til þess hunds sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi hundsins er tryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu tryggða eru ekki meðváttryggðir¹, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá VÍS, en þá öðlast þeir aldrei meiri rétt gagnvart VÍS en hinn tryggði.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir á Íslandi.
- 3.2 Fyrir innfluttan hund tekur tryggingin gildi eftir dvöl hans í einangrunarstöð eða sambærilegri stofnun, nema annað komi fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 4.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:
 - a) Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
 - b) Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
 - c) Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum

¹ Sbr. ákvæði um meðváttryggða í 41.-43. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Umhirða hundsins, vistarverur og fóðrun, skal vera í samræmi við ákvæði laga um dýravernd nr. 15/1994 með síðari breytingum, svo og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga.
- 5.2 Hundurinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Einnig skal farið eftir öðrum ráðleggingum dýralækna varðandi heilsu hundsins. Farið skal eftir þeim heilbrigðiskröfum sem eru skilyrtar í leyfum vegna hundahalds.
- 5.3 Ef feldur hundsins krefst sérstakrar meðferðar, loftslags, rakastigs eða hann hefur aðrar sérstakar þarfir eða þolir ekki venjulega umhirðu, skal tryggingartaki bera ábyrgð á að þess sé gætt.
- 5.4 Tryggingartaki verður að hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef hundurinn sýnir merki um lasleika eða þyngdartap. Einnig þarf að hafa tafarlaust samband við dýralækni hraki heilsu hundsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan hundurinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.
- 5.5 Tryggingartaki skal halda utan um allar heimsóknir hundsins til dýralæknis.
- 5.6 Sé ferðast með hundinn í farþegarými ökutækis skal hann vera í þar til gerðu búi eða hundabílbelti. Ef hundurinn er laus í farangursrými skal vera grind í bílnum sem skilur að farþega- og farangursrými.
- 5.7 Hundurinn skal vera í hundaól á þeim stöðum sem krafa er gerð um slíkt.

6. Brot á varúðarreglum

- 6.1 Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð VÍS fallið niður í heild eða að hluta.²

7. Háttsemi annarra

- 7.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki hins tryggða er ábyrgur fyrir hinum tryggða hundi.
- 7.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda hins tryggða og umsjónarmanni hins tryggða hunds.

8. Greiðsla

- 8.1 Krafa um greiðslu fyrir trygginguna fellur í gjalddaga þegar VÍS gefur út reikning.
- 8.2 Vanskil geta valdið réttindamissi og niðurfellingu tryggingarsamnings.³

9. Endurgreiðsla og lok tryggingar

- 9.1 Falli trygging úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur fær tryggingartaki endurgreiðslu í hlutfalli við þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og tryggingin er ekki í gildi.
- 9.2 Þetta gildir þó ekki ef tryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 9.3 Ef tjón er bætt úr líftryggingu eða afnotamissistryggingu falla allar tryggingar hundsins í hundatryggingu niður frá tjónsdegi.
 - 9.3.1 Ef hundurinn lifir gilda ábyrgðartryggingin og umönnunartryggingin þó áfram, ef þær voru til staðar þegar tjónið varð.
 - 9.3.2 Ef hundurinn lifir og er ættbókarfærður hjá HRFÍ og hefur verið tryggður samfelldt hjá félaginu frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri gildir sjúkrakostnaðartrygging þó áfram vegna annarra sjúkdóma og/eða slysa en þeirra sem leiddu til bóta úr afnotamissistryggingu hundsins.

10. Eigendaskipti

- 10.1 Ef eigendaskipti verða að hinum tryggða hundi fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. VÍS er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið tryggingu.

11. Slys

- 11.1 Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, eða verknað hundsins sjálfs,

² Sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

³ Sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



sem veldur meiðslum á hundinum og gerist án vilja þess sem annast hann.

12. Sjúkdómur

- 12.1 Með orðinu sjúkdómur er átt við að hundurinn veikist af þekktum og skilgreindum sjúkdómi.

13. Lækniskostnaður

- 13.1 Með orðinu lækniskostnaður er átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Enn fremur lyfja sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og slysa.
- 13.2 Ferða- og flutningskostnaður vegna meðferðar og skoðunar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.3 Kostnaður vegna sjúkrahjálfunar og endurhæfingar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.4 Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur teljast ekki vera lækniskostnaður.

14. Læknismeðferð

- 14.1 Skoðun og meðferð skal vera framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi á Íslandi og í samræmi við reynslu, sérfræðipækkingu og viðurkenndar aðferðir á sviði dýralækninga.

15. Tvítrygging

- 15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina tryggingu getur tryggður valið hvaða tryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 15.2 Ef fleiri en eitt tryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

16. Umferðaróhapp

- 16.1 Ef ekið er á hundinn verður að skila inn upplýsingum um hvaða ökutæki átti í hlut. Ef það er ekki vitað skal tilkynna lögreglu um að ekið hafi verið á hundinn og skila lögregluskýrslu til VÍS.

17. Upplýsingaöflun

- 17.1 Við uppgjör tjóns og ákvörðun bótaskyldu er VÍS heimilt að afla upplýsinga hjá dýralæknum um fyrri sjúkrasögu og heilsufar hundsins og annað sem skipt getur máli við uppgjör tjónsins.

18. Skammstafanir

- 18.1 HRFÍ merkir í skilmálum þessum Hundaræktarfélag Íslands.

Ættbókarnúmer frá HRFÍ er viðurkennt hjá VÍS

19. Fyrning

- 19.1 Vegna ábyrgðartryggingar fyrnist ábyrgð VÍS samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar.⁴
- 19.2 Vegna annarra trygginga fyrnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er tryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er atburður varð.

II. Sjúkrakostnaðartrygging

1. Hvað bætir tryggingin?

- 1.1 Tryggingin bætir lækniskostnað vegna:
- Skoðunar og meðferðar hundsins vegna sjúkdóms eða slyss.
 - Keisaraskurðar sem talinn er læknisfræðilega nauðsynlegur að áliti dýralæknis, þó greiðir VÍS aldrei meira en tvo keisaraskurði vegna hvernar tíkar meðan hún lifir. Aldrei er greiddur keisaraskurður fyrir Boston terrier, enskan bulldog eða franskan bulldog. Ef tíkin var hvolpafull við tryggingartöku greiðir félagið ekki bætur ef til keisaraskurðar kemur í því tilviki.
 - Geldingar eða ófrjósemisaðgerðar sem framkvæma þarf af

Sjúkrakostnaðartryggingin tryggir þér bætur fyrir útlögðum lækniskostnaði ef hundurinn þinn greinist með sjúkdóm eða verður fyrir slysi.

⁴ sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



læknisfræðilegum ástæðum vegna eftirfarandi sjúkdóma: sykursýki (diabetes mellitus), legbólgu (metritis), meiðsla vegna gots, skeiðarsígs (vaginal prolapse), sjúkdóms í blöðruhálskirtli, spangarkviðslits (perineal hernia), kirtilæxlis við endaparm (anal adenoma), eistnabólgu (testicular inflammation) og æxlisvaxtar í legi, eistum, leggöngum eða eggjastokkum.

- d) Lýtalækninga sem taldar eru læknisfræðilega nauðsynlegar að mati dýralæknis.
- e) Olnbogaloss (Elbow Displacia, ED) og liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow), ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hefur verið tryggður samfelld hjá VÍS frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri, að teknu tilliti til eftirfarandi skilyrða:
 - Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með ED eða liðbólgu í olnboga skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vegna þess vera staðfestar af HRFÍ.
 - Ef hundurinn er af tegund, sem skilyrði er hjá HRFÍ að sé olnbogamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.
 - Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
- f) Mjaðmaloss (Hip Displacia, HD) og liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip), ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ og hefur verið tryggður hjá VÍS, samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri, að teknu tilliti til eftirfarandi skilyrða:
 - Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með HD eða liðbólgu í mjaðmalið skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vegna þess vera staðfestar af HRFÍ.
 - Ef hundurinn er af tegund, sem skilyrði er hjá HRFÍ að sé mjaðmamamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir.
 - Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
- g) Beinklökkva, bein- og brjóskkveli (osteochondrosis) í öðrum liðum en mjaðma- og olnbogalið ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hefur verið tryggður hjá VÍS samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.

1.2 Tryggingin bætir ekki lækniskostnað vegna:

- a) Sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
- b) Meðfæddra og/eða arfgengra kvilla eða sjúkdóma eða sjúkdóma sem eru tilkomnir vegna þeirra.
- c) Skoðunar eða meðferðar í tengslum við meðgöngu eða got.
- d) Geldingar eða ófrjósemisaðgerðar vegna annarra orsaka en getið er í gr. 1.1.3.
- e) Mjaðmaloss (HD), olnbogaloss (ED), liðbólgu í mjaðmalið eða í olnboga (arthrosis of the hip or elbow), nema samkvæmt því sem tilgreint er í gr. 1.1.5 og 1.1.6.
- f) Naflakviðslits (umbilical hernia) eða launeista (cryptorchidism).
- g) Fyrirbyggjandi aðgerða og reglulegra skoðana.
- h) Skoðunar og meðferðar sem ekki er læknisfræðilega nauðsynleg og/eða réttlætanagerð.
- i) Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr tryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
- j) Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
- k) Skýs á augasteini (cataract).
- l) Geðsjúkdóma, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
- m) Sjúkdóma í tannholdi, tannhirðu, tannviðgerða eða galla í tönnum eða biti. Tryggingin bætir þó meðhöndlun á tönnum sem brotna vegna slyss.
- n) Segulóm skoðunar (Magnetic Resonance Imaging, MRI) eða sneiðmyndatöku (Computer Tomography, CT).
- o) Sýnatöku og rannsóknna til þess að ákvarða mótiefni eða styrk mótiefna.
- p) Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusetur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.



- q) Smitandi lífrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
- r) Hundafárs (canine distemper).
- s) Slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að hundurinn hafi verið bundinn við vélknúð ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúns ökutækis eða tengitækis eða yfirgefinn í ökutæki.

1.3 VÍS greiðir ekki:

- a) Álag á læknskostnað vegna þess að leita þurfti til dýralæknis utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn hafi borið til.
- b) Kostnað vegna lyfseðla, reikningsgerðar, vottorða eða sjúkraskýrslugerðar.

1. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 1.1 Fjárhæð bóta kemur fram á skírteini og endurnýjunarkvittun. Fjárhæðin er hámarksbætur í hverju tjóni og jafnframt hámarksbætur á hverju tryggingartímabili.
- 1.2 Þegar talað er um hámarksbætur er átt við bætur, þegar búið er að draga eigin áhættu frá.
- 1.3 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs við endurnýjun.

Fyrir hvern tiltekinn sjúkdóm eða slys eru ekki greiddar hærri bætur en upphæðin sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Aldurstakmörk

- 2.1 Við upphaf tryggingarinnar skal hundur ekki vera yngri en 8 vikna eða eldri en 5 ára.
- 2.2 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundurinn nær 7 ára aldri lækka hámarksbætur um 20%, og síðan árlega um 20% af hámarksbótum hverju sinni við endurnýjun eftir það. Tryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hundurinn hefur náð 10 ára aldri.

Hægt er að kaupa tryggingu þegar hundurinn er orðinn 8 vikna og þar til hann verður 5 ára og gildir tryggingin þar til hundurinn hefur náð 10 ára aldri.

3. Eigin áhætta

- 3.1 Hvert tímabil eigin áhættu er 100 dagar. Á hverju tímabili greiðir tryggingartaki einu sinni fasta fjárhæð í eigin áhættu sem er tilgreind á skírteini og endurnýjunarkvittun og síðan 10% af læknskostnaði á tímabilinu umfram hana.
- 3.2 Upphaf tímabils miðast við þá dagsetningu er fyrst er leitað til dýralæknis vegna tjóns sem telst bótaskyld úr tryggingunni. Tímabilinu lýkur 100 dögum síðar.
- 3.3 Næsta tímabil eigin áhættu hefst síðan við næstu heimsókn til dýralæknis vegna bótaskylds tjóns.
- 3.4 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs.

Eigin áhætta er 10% af kostnaði, auk fastrar upphæðar á hverju 100 daga tímabili.

4. Bótakrafa

- 4.1 Með bótakröfu skal skila nákvæmri sundurliðun á kostnaði við meðferð og skoðun. Þar skal einnig koma skýrt fram vegna hvaða hundar kostnaðurinn er, með því að láta fylgja upplýsingar um tegund hundsins og einstaklingsmerkingu, svo sem örmerki eða húðflúrnúmer auk annarra einkenna hundsins.

Það flýtir fyrir afgreiðslu málsins ef bótakrafan er skýr og skilmerkileg í upphafi, t.d. með sundurliðun kostnaðar ef um fleiri en einn sjúkdóm/slys er að ræða.

III. Líftrygging**1. Hvað bætir tryggingin?**

- 1.1 VÍS greiðir bætur ef:
 - a) Hundurinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
 - b) Hundurinn er svo sjúkur eða slasaður að aflífun er ráðlögð samkvæmt álit dýralæknis, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
 - c) Hundurinn hverfur og þrátt fyrir eðlilega leit finnst ekki aftur innan þriggja mánaða. Þegar hundur hverfur ber tryggingartaka að auglýsa eftir honum í fjölmiðlum og standa fyrir leit að honum.
 - d) Hundurinn er svo sjúkur að dýralæknir ráðleggur aflífun vegna olnbogaloss (ED) eða liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow). Hundurinn verður að vera ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hafa verið tryggður samfelld hjá VÍS frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
 - e) Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með ED eða liðbólgu í olnboga skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ.
 - f) Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé olnbogamynduð fyrir pörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir. Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
 - g) Hundurinn er svo sjúkur að dýralæknir ráðleggur aflífun vegna mjaðmaloss (HD) eða liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip). Hundurinn verður að vera ættbókarfærður hjá HRFÍ og hafa verið tryggður hjá VÍS samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.



- h) Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með HD eða liðbólgu í mjaðmalið skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ.
 - i) Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé mjaðmamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfestir að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir. Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
 - j) Hundurinn er svo sjúkur að dýralæknir ráðleggur aflífun vegna beinklökkva, bein- og brjóskkveli (osteochondrosis) í öðrum liðum en mjaðma- og olnbogalið ef hundurinn er ættbókarfærður hjá HRFÍ, og hefur verið tryggður hjá VÍS samfelld frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
- 1.2 VÍS greiðir ekki bætur ef hundurinn deyr eða þarf að aflífa hann vegna:
- a) Sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
 - b) Meðfæddra og arfgengra kvilla eða sjúkdóma eða sjúkdóma sem eru tilkomnir vegna þeirra.
 - c) Mjaðmaloss (HD), olnbogaloss (ED), liðbólgu í mjaðmalið eða olnboga (arthrosis of the hip or elbow), nema samkvæmt því sem tilgreint er í 1.1 gr. þessa kafla.
 - d) Galla í tönnum eða biti.
 - e) Geðsjúkdóms, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
 - f) Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr tryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
 - g) Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
 - h) Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.
 - i) Smitandi lifrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
 - j) Hundafárs (canine distemper).
 - k) Þess að rekja má dauða hundsins beint eða óbeint til þess að hann hafi verið bundinn við vélknúð ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúns ökutækis eða tengitækis eða yfirgefinn í ökutæki.
 - l) Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- 1.3 VÍS getur farið fram á krufningu telji félagið að það sé nauðsynlegt til að skera úr um bótaskyldu eða orsök dauða hundsins. Í slíkum tilfellum greiðir VÍS krufninguna.

2. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 2.1 Fjárhæð bóta sem valin er vegna hundsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum. Fjárhæð bóta kemur fram á skírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Fjárhæð bóta er ekki sönnun fyrir verðmæti hundsins.

3. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

- 3.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hundsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en sú fjárhæð bóta sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Aldrei eru greiddar bætur vegna sama tryggingaratburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.

4. Aldurstakmörk

- 4.1 Við upphaf tryggingarinnar skal hundurinn ekki vera yngri en 8 vikna eða eldri en 5 ára.
- 4.2 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundurinn nær 7 ára aldri lækkar fjárhæð bóta um 20%, og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Tryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hundurinn hefur náð 10 ára aldri.

IV. Afnotamissistrygging

1. Hvað bætir tryggingin?

- 1.1 VÍS greiðir bætur vegna vinnuhunds ef:

Athugaðu að fjárhæð bóta sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun er sú tryggingarfjárhæð sem þú hefur valið í samráði við VÍS. Fjárhæðin á að endurspeglar raunverulegt markaðsvirði hundsins.

Eftir 7 ára aldur hundsins lækkar fjárhæð á skírteini/endurnýjunarkvittun vegna þess að markaðsvirði hundsins lækkar með hækkandi aldri.

Tryggingin er annars vegar fyrir hunda sem eru með sérstaka eiginleika og eru samfelld notaðir við vinnu og hins vegar fyrir hunda sem eru notaðir eða munu verða notaðir í kynbótaræktun. Ræktunarhundur þurfa að vera ættbókarfærðir hjá HRFÍ.



- a) Hundur hefur sannanlega tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir fyrir vinnu og/eða notkun hans vegna slyss eða sjúkdóms að teknu tilliti til eftirfarandi skilyrða;
- Missir sérstakra eiginleika skal staðfestur með vottorði dýralæknis og vitnisburði frá óháðum aðila sem er fær um að dæma hvort hundurinn hafi eiginleikann. Hundurinn verður sannanlega að hafa haft þennan eiginleika fyrir slysið eða sjúkdóminn.
 - Hafi VÍS greitt út bætur vegna þess að hundur hefur misst sérstaka eiginleika til vinnu og/eða sérstakrar notkunar er eigandinn skuldbundinn til þess að nota hundinn ekki framar í þeim tilgangi.
 - Tryggingartaki skal geta sýnt fram á að hundurinn hafi skjalfesta verðleika og að hundurinn hafi samfleytt stundað umrædda vinnu eða notkun þar til tjónsatburðurinn átti sér stað.

1.1 VÍS greiðir ekki bætur fyrir vinnuhunda vegna:

- Sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
- Meðfæddra og arfgengra kvilla eða sjúkdóma eða sjúkdóma sem eru tilkomnir vegna þeirra.
- Hunds sem ekki er lengur hægt að nota í vinnu vegna mjaðmalloss (HD), liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip), olnbogaloss (ED), liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow) eða beinklökkva, bein- og brjóskkveli (osteochondrosis).
- Utanáliggjandi galla, naflakviðslits (umbilical hernia) eða launeista (cryptorchidism).
- Galla í tönnum eða biti.
- Geðsjúkdóms, atferlisbrests, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
- Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
- Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr tryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
- Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.
- Smitandi lifrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
- Hundafárs (canine distemper).
- Slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að hundurinn hafi verið bundinn við vélknúð ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúns ökutækis eða tengitækis eða yfirgefinn í ökutæki.

1.2 VÍS greiðir hlutabætur vegna ræktunarhunds ef dýralæknir staðfestir að:

- Hundur hefur tapað frjósemi vegna sjúkdóms í legi, eggjastokkum, blöðruhálskirtli eða eistum.
- Tvær sæðisfrumutalningar með minnst sex mánaða millibili sýndu að karlhundur væri ófrjór.
- Tík verður ekki hvolpafull eftir mökun við tvo karlhunda sem báðir eru frjósamir og hafa þegar getið af sér hvolpa. Rannsaka skal tíkina til að útiloka að um skammvinnt sjúkdómsástand sé að ræða.
- Hundur sé óhæfur í ræktun vegna mjaðmalloss (HD) eða liðbólgu í mjaðmalið (arthrosis of the hip) ef hundurinn hefur verið með afnotamissistryggingu hjá VÍS samfellt frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
 - Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með HD eða liðbólgu í mjaðmalið skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ.
 - Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé mjaðmamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfestir að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir. Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.
- Hundur sé óhæfur í ræktun vegna, misvaxtar í olnboga (ED) eða liðbólgu í olnboga (arthrosis of the elbow) ef hundurinn hefur verið með afnotamissistryggingu hjá félaginu samfellt frá að minnsta kosti fjögurra mánaða aldri.
 - Áður en tjón fæst bætt vegna þess að hundurinn er með ED eða liðbólgu í olnboga skulu niðurstöður aflestra röntgenmynda vera staðfestar af HRFÍ.
 - Ef hundurinn er af tegund, þar sem skilyrði er hjá HRFÍ að hún sé olnbogamynduð fyrir þörun skal framvísa staðfestingu frá HRFÍ þar sem fram kemur að HRFÍ staðfesti

Greiddar eru bætur ef að ræktunarhundur tapar eiginleikum sínum til kynbótaræktunar. Sjá þó tilvik sem undanskilin eru í gr. 1.4.



að aflestur röntgenmynda af foreldrum hafi sýnt að þeir hafi verið einkennalausir. Kröfu um að foreldrar skuli hafa verið myndaðir skal miða við þá dagsetningu er reglurnar um viðkomandi tegund tóku gildi í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.

- 1.3 Ef hlutabætur eru greiddar samkvæmt a) – e) liðar gr. 1.3 vegna ræktunarhunds sem lifir en ekki er hægt að nota í ræktun skal banna notkun hundsins í ræktunartilgangi hjá HRFÍ þótt möguleiki sé á því að hundurinn sé enn frjósamur eða sæði hans sé til í geymslu.
- 1.4 VÍS greiðir ekki bætur fyrir ræktunahund vegna:
- Sjúkdóms eða slyss sem áttu sér upphaf fyrir þann tíma sem tryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitni dýralæknis. VÍS áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
 - Meðfæddra og arfgengra kvilla eða sjúkdóma eða sjúkdóma sem eru tilkomnir vegna þeirra.
 - Tíkar sem hefur þrisvar átt hvolpa.
 - Tíkar sem hefur náð sex ára aldri og hefur aldrei eignast hvolpa né heldur karlhunds sem hefur náð sex ára aldri og hefur ekki getið af sér skrásetta hvolpa.
 - Utanáliggjandi galla, naflakviðslits (umbilical hernia) eða launeista (cryptorchidism).
 - Galla í tönnum eða biti.
 - Geðsjúkdóms, atferlisbrests, skapperðargalla eða annarra geðrænna einkenna.
 - Augn- og húðsjúkdóma í Shar Pei hundakyni.
 - Aukakvilla sjúkdóms og slyss sem ekki eru bótaskyld úr tryggingunni, né heldur aukakvilla vegna meðferðar á þeim.
 - Smáveirusýkingar (canine parvovirus infection) nema hundurinn hafi verið bólusettur á síðustu 12 mánuðunum áður en sýkingin hófst. Miðað er við 24 mánuði ef lifandi bóluefni var notað.
 - Smitandi lifrabólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC).
 - Hundafárs (canine distemper).
 - Slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að hundurinn hafi verið bundinn við vélknúið ökutæki, hafi verið fluttur óvarinn í opnu rými vélknúins ökutækis eða tengitækis eða yfirgefinn í ökutæki.

2. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 2.1 Fjárhæð bóta sem valin er vegna hundsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum. Fjárhæð bóta kemur fram á skírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Fjárhæð bóta er ekki sönnun fyrir verðmæti hundsins.

3. Ákvörðun bóta

- 3.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hundsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærrí en sú fjárhæð bóta sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Hlutabætur samkvæmt gr. 1.3. eru alltaf 50.000 kr. lægri en bætur hefðu orðið samkvæmt gr. 3.1.
- 3.3 Aldrei eru greiddar bætur vegna sama tryggingaratburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.

4. Aldurstakmörk

- 4.1 Við upphaf tryggingarinnar skal hundurinn ekki vera yngri en 8 vikna eða eldri en 5 ára.
- 4.2 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundurinn nær 7 ára aldri lækkar fjárhæð bóta um 20%, og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Tryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hundurinn hefur náð 10 ára aldri.

V. Umönnunartrygging

1. Hvað bætir tryggingin?

- 1.1 VÍS greiðir kostnað vegna:
- Vistunar og gæslu hundsins á dýrahótelum eða sambærilegri stofnun, ef tryggingartaki eða annar fjölskyldumeðlimur með sama lögheimili og býr á sama stað slasast svo alvarlega eða veikist, að ekki er hægt að veita hundinum þá umönnun sem hann þarfnast.
- 1.2 VÍS greiðir ekki kostnað vegna:
- Sjúkdóms eða meiðsla sem áttu sér upphaf áður en tryggingin var tekin.
 - Viðvarandi sjúkdómsástands einhvers í fjölskyldunni.

Athugaðu að fjárhæð bóta sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun er sú tryggingarfjárhæð sem þú hefur valið í samráði við VÍS. Fjárhæðin á að endurspegla raunverulegt markaðsvirði hundsins.

Greiddar eru bætur úr umönnunartryggingu vegna vistunar og gæslu hunds á hundahótelum ef þú eða annar fjölskyldumeðlimur slasast eða veikist alvarlega.



- c) Meðgöngu, barnsfæðingar eða tengdra atvika.
- d) Veikinda sem rekja má til misnotkunar áfengis, lyfja, eða áverka sem viðkomandi veldur sjálfum sér.
- e) Ofnæmis fjölskyldumeðlima fyrir hundinum.

2. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 2.1 Fjárhæð bóta kemur fram á tryggingaskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

3. Bótatími

- 3.1 Bótatími getur ekki orðið lengri en 60 dagar á hverju tryggingartímabili.

4. Bótakrafa

- 4.1 Bótakröfu vegna umönnunar skal fylgja læknisvottorð um tímabil og veikindi þess einstaklings í fjölskyldunni sem er þess valdandi að ekki er hægt að halda hundinum á heimilinu.
- 4.2 Enn fremur þarf tryggingartaki að skýra frá ástæðum þess að ekki var hægt að sjá hundinum fyrir umönnun á heimilinu. Skila þarf inn frumriti af reikningi dýrahótelins.

VI. Ábyrgðartrygging

1. Ábyrgðartími

- 1.1 Tryggingin tekur til atburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 1.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 1.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

2. Hvað bætir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin bætir:
 - a) Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar hins tryggða sem fellur á hann sem eiganda hunds samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.
- 2.2 Tryggingin bætir ekki:
 - a) Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
 - b) Tjón sem fjölskylda hins tryggða verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) tryggðs, börn og annað skyldulið, enda eiga þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
 - c) Ofangreint ákvæði á einnig við um umsýsaraðila hundsins hverju sinni.
 - d) Tjón á munum sem hinn tryggði eða aðilar samkvæmt gr. 2.2.2 hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.
 - e) Tjón sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reykt, sóti eða sprengingu.
 - f) Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald.
 - g) Kaup, dagpeninga eða aðrar greiðslur, sem hinum tryggða ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.
 - h) Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
 - i) Tjón sem rekja má til þess að hundinum verði á mistök við starfa sinn.

3. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 3.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tryggingaratburðar takmarkast við fjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tryggingaratburðar.
- 3.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu hins tryggða og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr fjárhæð bóta.
- 3.3 Sé fjárhæð bóta samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar

Tryggingin bætir tjón sem hundurinn veldur þriðja aðila.

Með hugtakinu „þriðji aðili“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu. Dæmi um tjón þriðja aðila er ef hundurinn veldur t.d. nágrenna tjóni á eignum hans. Í því samhengi er nágrenninn „þriðji aðili“.

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir hinn tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, sem og að greiða kostnað sem tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.



þeirrar sem félaginu ber að greiða.

- 3.4 Fjárhæð bóta breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

4. Eigin áhætta

- 4.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir VÍS ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 4.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

5. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 5.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

6. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 6.2 VÍS getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS.
- 6.3 VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 6.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tryggingaratburð og verðmæti eftir tryggingaratburð.
- 6.5 Hinn tryggði skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón hins tryggða.

7. Staða tjónþola við tjón

- 7.1 Ef trygging tekur til tjóns hins tryggða vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og hinum tryggðu er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 7.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það hinum tryggða án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir hinn tryggða.
- 7.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur félaginu og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn hinum tryggða. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 7.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Meðferð bótakrafna

- 8.1 Hinn tryggði má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 8.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.